

Dalabyggð kt. 510694-2019 og Foreldrafélag Auðarskóla kt. 431210-1180 gera með sér eftirfarandi

SAMSTARFSSAMNING

1.gr.

Markmið samnings þessa er að tryggja starf Foreldrafélags Auðarskóla til að styðja við skólastarfið, stuðla að velferð nemenda og efla tengsl heimilis og skóla. Félagið sinnir hlutverki sínu með því að:

- Vera samstarfsvettvangur foreldra sem eiga börn í skólanum
- Efla og tryggja gott samstarf foreldra og starfsfólks skólans.
- Styðja heimili og skóla við að skapa nemendum góð uppeldis- og menntunarskilyrði.
- Koma á framfæri sjónarmiðum foreldra varðandi skóla- og uppeldismál.
- Standa vörð um réttindi barna til mennta og aukins þroska.

Foreldrafélagið skuldbindur sig til að:

- Stuðla að auknum kynnum barna, foreldra og starfsmanna skólans.
- Starfa eftir ákvæðum laga og reglugerða sem Alþingi og menntamálaráðuneytið setja um grunnskóla.
- Koma með tillögur og hafa frumkvæði að endurbótum og þróunarstarfi í samvinnu við skólafyrirvöld.
- Kynna sér kennsluhætti og uppeldismarkmið skólans til dæmis með starfi í skólaráði.
- Halda fundi og námskeið um uppeldis- og skólamál.
- Styðja eftir megni félags- og tómskundastarf nemenda.
- Taka þátt í samstarfi við önnur foreldrafélög og samtök foreldra.
- Skipa bekkjarfulltrúa af hverju skólastigi- og leikskóladeild.

2. gr.

Framlög geta tekið breytingum til hækkunar eða lækkunar skv. fjárhagsáætlun sveitarfélagsins. Árlegt framlag Dalabyggðar til Foreldrafélags Auðarskóla við upphaf samnings þessa er eftirfarandi:

Styrkur við starf félagsins Kr. 420.000

Styrkurinn verður greiddur út í tvennu lagi, fyrri greiðslan miðast við 1. apríl og sú seinni 1. september ár hvert.

Félagið skuldbindur sig til þess að skila yfirliti yfir starfsemi síðasta starfsárs í tengslum við fjárhagsáætlunargerð, eigi síðar en í byrjun október ár hvert.

Félagið skuldbindur sig til að geta þess í kynningum og annars staðar þar sem það getur átt við að Dalabyggð sé styrktaraðili þess.

Víki félagið í verulegum atriðum frá stefnu sinni og skuldbindingum sem fram koma í samningi þessum er Dalabyggð heimilt að taka framlag sitt til félagsins til endurskoðunar, að undangenginni aðvörun til stjórnar þess.

3. gr.

Samningur þessi gildir fyrir árin 202~~52~~, 202~~63~~ og 202~~74~~ og skal framlag til félagsins endurskoðað eigi síðar en í nóvember ár hvert fyrir komandi ár í tengslum við gerð fjárhagsáætlunar sveitarfélagsins.

Ágreiningur sem rísa kann vegna sammings þessa skal leystur með úrskurði byggðarráðs Dalabyggðar.

Samningur þessi er undirritaður með fyrirvara um staðfestingu sveitarstjórnar Dalabyggðar og stjórnar Foreldrafélags Auðarskóla.

Búðardal ~~xx30.xx05.20242~~

F.h. Dalabyggðar

F.h. Foreldrafélags Auðarskóla

~~með fyrirvara um samþykki sveitarstjórnar~~

~~Björn Bjarki Þorsteinsson~~~~Kristján Sturluson~~, sveitarstjóri
~~Jónsdóttir~~~~Hafrún Ösp Gísladóttir~~

Stefanía Björg

Vottar að undirskrift og dagssetningu (nafn og kt.):
